

Rannsóknastofa í táknmálsfræðum 2020

Stjórn, starfsmenn og húsnæði

Rannsóknastofa í táknmálsfræðum er samstarfsvettvangur fræðimanna Málvísindastofnunar Háskóla Íslands og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) sem stunda rannsóknir á íslensku táknmáli. Auk starfsmanna þessara stofnanna eiga nokkrir utanaðkomandi aðilar aðild að rannsóknastofunni. Starfsmenn HÍ og SHH hafa aðstöðu á sínum vinnustað en stofan hefur að öðru leyti ekki yfir sérstöku húsnæði að ráða. Stjórn stofunnar er skipuð til eins árs í senn, skipuðu Júlía G. Hreinsdóttir, Nedelina Ivanova og Rannveig Sverrisdóttir stjórn stofunnar frá 2020-2021. Enginn ársfundur var haldinn árið 2020 vegna samkomutakmarkanna en Nedelina og Rannveig buðust til að sitja áfram í stjórn og Júlía til að taka við af Elsu G. Björnsdóttur sem lét af störfum á SHH vorið 2020. Enginn önnur framboð bárust og taldist því þessi stjórn samþykkt til 2021.

Rannsóknir

Rannsóknaverkefni og rannsóknastyrkir til félaga í Rannsóknastofu í táknmálsfræðum

Styrkumsóknir á árinu:

- Styrkur fékkst úr Nýsköpunarsjóði námsmanna fyrir verkefnið „Vasatáknmálsorðabók í ÍTM handa heyrandi foreldrum heyrnarlausra barna“ og unnu táknmálsfræðinemarnir Jóna Kristín Erlendsdóttir og Bryn Nóel Francis verkefnið á SHH yfir sumartímamann undir leiðsögn og umsjón Nedelinu Ivanova. Nemarnir hlutu 4 mánaða styrk og tóku upp fyrirlestur sem var sendur á forráðamenn sem hafa sótt fjölskyldunámskeið á SHH.
- Guðný B. Þorvaldsdóttir hafði forgöngu um að sækja um styrk til Rannís fyrir málheild ÍTM. Guðný bar hitann og þungann af umsóknarskrifum ásamt Nedelinu Ivanova. Verkefnið hlaut því miður ekki styrk en umsóknin fékk engu að síður mjög góða umsögn.

Þá var haldið áfram vinnu við eftirfarandi verkefni:

- Júlía Hreinsdóttir, Nedelina Ivanova og Uldis Ozols heldu áfram vinnu við CEFR verkefnið, en það snýst um að aðlaga námsefni og kennslu í ÍTM að samevrópskum tungumálaramma.
- Þórhalla Guðmundsdóttir Beck vinnur áfram að að doktorsverkefni sínu um merkingarfræði litaorða í íslensku.
- Vinna við málþroskarannsóknir hélt áfram undir stjórn Nedelinu Ivanovu. Unnið var að söfnun gagna og áframhaldandi þróun á einstaklingsmiðuðu stöðumati í færni á íslensku táknmáli.
- Verkefnið söfnun gagna um máltöku á ÍTM til þriggja ára þar sem fylgst er með málþroska döf barns frá fæðingu hélt áfram undir stjórn Nedelinu Ivanovu. Öðru verkefni til eins árs, sem snéri að söfnun gagna um máltöku tvítyngds barns með íslensku og ÍTM lauk á árinu.
- Vinna að formlegri lýsingu á stigum á máltöku á grundvelli safnaðra gagna hélt áfram á árinu undir stjórn Nedelinu Ivanovu.

Annað:

- Samstarfi við dr. Helenu Koulidobrovu lauk á árinu. COVID-19 setti því miður svip sinn á verkefnið vorið 2020. Í byrjun júní 2020 þurfti SHH að endurskoða verkefnið sem unnin eru á stofnuninni í breyttum veruleika vegna kórónaveirufaraldursins og í tengslum við önnur verkefni á stofnuninni. Ákveðið var því í samráði við dr. Helenu Koulidobrovu að ljúka verkefnið.
- Þrátt fyrir fordæmalaus tíma héldu umræður um ýmis verkefni áfram, kennarar á SHH ræddu um CEFR og táknáskennslu í HÍ í því samhengi. Rannveig Sverrisdóttir fékk í rannsóknarleyfi sínu aðstoðu á SHH og þá gáfust mörg tilefni til umræðna um málfræðileg rannsóknarefni. Umræður um táknið BIDD og LALLA við Jóhannes Gísla fóru af stað og verður þeim fram haldið. Samstarf var við Branislav Bedi um verkefni sem styrkt var af Nýsköpunarsjóði námsmanna.
- Tveir aðilar rannsóknastofunnar voru skipaðir í starfshóp um málstefnu ÍTM.

Aðilar rannsóknastofunnar héldu nokkra fyrirlestra á árinu og tóku þátt í málþingum og ráðstefnum:

- Á 34. Rask-ráðstefnunni þann 24. janúar voru tveir fyrirlestrar um táknið; Rannveig Sverrisdóttir flutti erindið „Er táknið nóg?“ og Nedelina Ivanova erindið „Áhrif tvítyngis málhafa af erlendum uppruna á þróun íslenska tákniðsins“.
- Hugvísindapening 2020 var haldið á netinu í september. Rannveig Sverrisdóttir tók þátt í málstofu þann 18. september sem bar heitið „Tvær „íslenskur“: Íslenska sem annað mál og íslenskt táknið“ með erindið „Hvert skal stefna? Viðhorf og málstefna í íslensku tákniðssamfélagi“.
- Í tilefni af degi íslenska tákniðsins birtist svar á Vísindavefnum eftir Rannveigu Sverrisdóttur við spurningunni „Eru algengustu orð í íslensku til á táknið?“.

Heimsóknir fræðimanna

Oliver Pouliot tákniðstúlkur kom til landsins í febrúar og kenndi nemendum í tákniðstúlkun við HÍ á Erasmus styrk. Í sömu heimsókn hélt hann erindi á SHH um alþjóða táknið en Oliver sérhæfir sig í túlkun á milli ensku og alþjóða tákniðnar (international signing).

Kynningarstarfsemi og útgáfa

Aðilar rannsóknastofunnar áttu hlut í tveimur greinum er birtust á árinu:

Koulidobrova, E. & Ivanova, N. 2020. Acquisition of phonology in child Icelandic Sign Language: Some unique findings. Í *Proceedings of Annual Meeting of the Linguistic Society of America*, New Orleans. January 2020.

Zuckermann, G., Rayner, M., Ivanova, N., Vigfússon, S., Chlaral, N.N., Habibi, H. & Bedi, B. 2020. LARA in the Service of Revivalistics and Documentary Linguistics: Community Engagement and Endangered Languages. In *ComputEL-4*.